

Alþingi
Erindi nr. P 136/571
komudagur 17.12.2008

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
B.t. Eiríks Áka Eggertssonar ritara,
eirikure@althingi.is
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

15. desember 2008
Tilvísun: 2008120064

Efni: Athugasemdir við frumvarp um breytingar á lögum nr. 129/1997

Fjármálaeftirlitið lýsir í meginatriðum ánægju með frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. (þskj. 297) og telur að það verði til talsverðra bóta á lagalegri umgjörð lífeyrissjóðanna. Fjármálaeftirlitið telur þó að ýmis fleiri atriði núgildandi laga nr. 129/1997 þurfi nánari skoðunar við í náinni framtíð, en hefur fullan skilning á að þau atriði sem er að finna fyrirliggjandi frumvarpi þurfa að fá samþykki Alþingis sem fyrst og verða að njóta forgangs að þessu sinni.

Fjármálaeftirlitið gerir engar athugasemdir við 1. til 9. gr. frumvarpsins.

Í c. lið 10. gr. frumvarpsins er lagt til að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum verði hækkuð úr 10% af hreinni eign sjóðanna í 20%. Hér er því um að ræða tvöföldun heimildarinnar. Fjármálaeftirlitið hefur fullan skilning á því að aðstæður á fjármálamörkuðum hér á landi hafa þróast á þann veg að þrengst hefur um fjárfestingarkosti lífeyrissjóðanna og fárra kosta vöð í fjárfestingum í skráðum hlutabréfum. Engu að síður er hér um nokkuð mikla aukningu að ræða í verðbréfum sem eru eðli málsins samkvæmt áhættusamari en þau verðbréf sem skráð eru á markað. Í greinargerð með frumvarpinu segir reyndar um þessa grein að búast megi við að þetta hlutfall verði endurskoðað þegar betra jafnvægi kemst á fjármálamarkaðinn, en í lagatextanum sjálfum segir þó ekkert um að þetta ákvæði skuli vera tímabundið. Fjármálaeftirlitið hefur talið eðlilegt að rýmka það hlutfall sem er í lögnum, en með tilliti til varfærnisjónarmiða talið nægjanlegt að það væri aukið í 15%.

Í 11. gr. er lagt til að allur séreignarsparnaður, hvort sem hann er í vörslu lífeyrissjóða eða annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar skv. 8. gr. laganna, þ.e. viðskiptabanka, sparissjóða, verðbréfafyrirtækja eða líftryggingafélaga, skuli vera settur undir sama hatt hvað fjárfestingar varða. Í gildandi lögum er þessu háttáð á þann veg að séreignasparnaður í vörslu lífeyrissjóðanna fellur undir tiltölulega varfærnar fjárfestingar 36. gr. laganna, en séreignasparnaður í vörslu annarra aðila fellur ekki undir neina fjárfestingarskorður. Hefur slíkum aðilum þannig verið til dæmis heimilt að fjárfesta allan séreignasparnaðinn eingöngu í hlutabréfum eins félags, með slæmum afleiðingum fyrir sjóðfélaga.

Fjármálaeftirlitið hefur fullan skilning á að jafnræði skuli ríkja á milli aðila á þessum markaði. Fjármálaeftirlitið hefði hins vegar talið nægjanlegt við þær aðstæður sem nú eru ríkjandi að draga lífeyrissparnað vörsluaðila, annarra en lífeyrissjóðanna, að hluta til undir þær hömlur á fjárfestingarstefnu sem er að finna í 36. gr., frekar en að losa séreignasparnað í vörslu lífeyrissjóðanna undan þeim hömlum. Hafa verður í huga að eins og ákvæðið er sett upp í

frumvarpinu væri heimilt að fjárfesta séreignasparnað 100% í hlutabréfum, að vísu með þeirri takmörkun að eingöngu mætti vera 20% í sama aðila eða tengdum aðilum, og jafnframt mætti fjárfesta 100% í afleiðum svo og 100% í erlendum gjaldmiðlum, jafnvel í einum erlendum gjaldmiðli með tilheyrandi gjaldmiðlaáhættu.

Einnig verður til hliðsjónar að með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu er verið að opna fyrir að um 165 milljarða kr. séreignasparnaður, sem fallið hefur undir aðhaldssama fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna, verði fluttur yfir í áhættusamari fjárfestingar. Það er tæplega 70% af öllum séreignarsparnaði landsmanna í árslok 2007, sem nam á þeim tíma samtals 238 milljörðum, en þar af voru 73 milljarðar hjá vörsluaðilum öðrum en lífeyrissjóðum.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Fjármálaeftirlitið til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 11. gr. frumvarpsins:

f. Samanlögð eign hvernar fjárfestingarleiðar má ekki vera meira en 70% í hlutabréfum fyrirtækja.

g. Afleiðusamningar mega aldrei vera meira en 10% af hreinni eign hvernar fjárfestingarleiðar.

Fjármálaeftirlitið vill jafnframt benda á að það yrði til bóta að aftan við síðustu málsgrein 11. gr. frumvarpsins sem kveður á um að vörsluaðilar séreignarsparnaðar skulu senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert, komi viðbótin: sbr. 37. gr.

Fjármálaeftirlitið vill vekja athygli á að háttvirtri efnahags- og skattanefnd láðist að senda Fjármálaeftirlitinu frumvarp þetta til umsagnar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Ólafur E. Friðriksson
Ólafur E. Friðriksson

**Tillögur að breytingum
á frumvarpi til laga um breyting á lögum um nr. 129/1997, um
skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari
breytingum, sbr. þingskjal 297 – 219. mál.**

1. brtt.

Eftirfarandi breytingar verða á 11 gr. frumvarpsins:

- a. Í stað orðsins „lífeyrissparnaðarreikningar“ í 1. mgr. kemur: innlánsreikningar.
- b. Við b-lið 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Verðbréf skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. falla ekki undir ákvæði þetta.
- c. Við c-lið 1. mgr. bætist: eða í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.
- d. d-liður 1. mgr. fellur brott.

2. brtt.

Við 14. gr. frumvarpsins bætist: og ákvæði 11. gr. sem öðlast gildi 1. júlí 2009.

Athugasemdir við breytingartillögurnar

Um 1. brtt.

Með breytingartillögunni er í fyrsta lagi lagt til að í stað hugtaksins „lífeyrissparnaðarreikningar“ verði hutaði „innlánsreikningar“ notað þar sem það hefur skýrari merkingu. Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði á um að verðbréf skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr., ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf tryggð með ábyrgð ríkissjóðs, falli ekki undir ákvæði b-liðs 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins enda ekki eðlilegt að hömlur séu á eign þessara verðbréfa. Í þriðja lagi er lagt til að c- og d-liðir verði sameinaðir.

Um 2. brtt.

Með breytingartillögunni er lagt til að 11. gr. frumvarpsins taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 2009. Nauðsynlegt þykir að veittur verði aðlögunartími á þetta ákvæði.

Alþingi
Erindi nr. P 136/592
komudagur 17.12.2008

Minnisblað

17. desember 2008

Varðar fund efnahags- og skattanefndar í morgun með umsagnaraðilum vegna frumvars til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóðna og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, þskj. 297 - 219 mál.

Samantekt upplýsinga með vísan til umræðna á fundi efnahags- og skattanefndar, 16. desember sl., um ósk Landssamtaka lífeyrissjóða um að auka heimild lífeyrissjóða til fjárfestinga í samlagshlutafélögum.

Texti breytingartillögu.

„Við 5. mgr. 36. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður:

Lífeyrissjóði er heimilt að eiga allt að 20% hlut í hverju samlagshlutafélagi sem hefur það að meginmarkmiði að fjárfesta í hlutafélögum eða öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð, með arðsemi að markmiði, í þeim tilgangi að efla atvinnulíf og nýsköpun, enda miði fjárfestingarstefna samlagshlutafélagsins að því að tryggja áhættudreifingu.“

Um samálagshlutafélagiformið:

Varðandi ástæðu þess að lífeyrissjóðirnir leggja áherslu á að velja samlagshlutafélagiformið í stað hlutafélagiformsins er að samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, getur samlagshlutafélag verið sjálfstæður skattaðili. Því hentar slíkt félagiform lífeyrissjóðum mun betur fyrir þá starfsemi sem hér um ræðir þar sem þeir greiða ekki tekjuskatt.

Hvað heimild lífeyrissjóða til fjárfestingar í óskráðum verðbréfum varðar þá liggur það fyrir að alls óvíst er um fulla þátttöku þeirra lífeyrissjóða sem komið hafa að undirbúningsvinnu við stofnun endurreisnarsjóðs ef heimild til fjárfestinga í óskráðum bréfum takmarkast við 20% í stað 25%, sbr. c-lið 10. gr. frumvarpsins.

Um ótakmarkaða ábyrgð í samlagshlutafélögum:

Í 160. gr. laga um hlutafélög, þar sem fjallað er um samlagshlutafélög, er annars vegar fjallað um ábyrgðaraðila og hins vegar hluthafa. Í tillögum LL að framangreindum breytingum er einungis vikið að heimild lífeyrissjóða til að eiga hlut í samlagshlutafélagi en ekki að gerast ábyrgðaraðili. Það er því ótvíræður skilningur LL að framangreindur texti veiti lífeyrissjóðum ekki heimild til að gerast aðili að samlagshlutafélagi með ótakmarkaða ábyrgð.

Minnisblað

Stofnun samlagshlutafélags um fjárfestingu lífeyrissjóða í íslenskum hlutafélögum

Fjárfestingasjóður Íslands

Stofnun ábyrgðaraðila:

Stofnaður er ábyrgðaraðili (General Partner) sem yrði íslenskt einkahlutafélag, FSÍ-GP ehf, með 10 mkr. stofnhlutafé. Stofnandi þess og eini hluthafi yrði Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um Verðbréfabing (ELV) og legði ELV til stofnhlutaféð í FSÍ-GP. Í stjórn FSÍ-GP yrðu tilnefndir 5 stjórnarmenn, og sem jafnframt skipaði stjórn FSÍ samlagshlutafélags. Ganga þarf frá samþykktum fyrir FSÍ-GP ehf, stofnfundargerð og tilkynningum til hlutafélagaskrár. ELV kæmi síðan ekki frekar að starfsemi Fjárfestingarsjóðs Íslands.

Stofnun FSÍ slhf:

FSÍ-GP ehf stofnar samlagshlutafélag sem bæri heitið Fjárfestingasjóður Íslands samlagshlutafélag (FSÍ) og gerist jafnframt ábyrgðaraðili þess og ábyrgist skuldbindingar FSÍ umfram eigið fé þess. Stofnhlutafé FSÍ yrði 4 milljónir króna og alfarið lagt fram af FSÍ-GP (til málamynda þarf til viðbótar annan hluthafa til stofnunar samlagshlutafélags með lága fjárhæð sem yrði keyptur út um leið og lífeyrissjóðirnir kæmu að samlagshlutafélaginu.) Hlutafé FSÍ yrði síðan aukið í áföngum með þátttöku lífeyrissjóðanna í sérhverri innköllun á fjárfestingartímabilinu. Stefnt verði að 75 milljarða króna stærð sjóðsins. Eins og áður segir yrði sama stjórnin í FSÍ og GP-inu. Ganga þarf frá formlegum samþykktum, stofnfundargerð og viðeigandi tilkynningum með hliðstæðum hætti og í GP-inu.

Samkomulag um starfsemi:

Samhliða stofnun þessara tveggja hlutafélaga þarf að semja ítarlega skilmála fyrir FSÍ þar sem kveðið væri á um fyrirkomulagið á framtíðarstarfsemi FSÍ, þ.e. samkomulag væntanlegra þátttakenda/samlagshluthafa, þar sem kveðið er á um tilgang, markmið, fjárhæð þátttöku hvers og eins, ákvarðanatöku um fjárfestingar, rekstrarfyrirkomulag, stjórn, ráðgjafaráð og öðru því sem lýtur að umgjörð starfseminnar til lengri tíma, s.s. innkallanir hlutafjárloforða, fjárfestingartímabil, útborganir, starfsrækslutíma og eftir atvikum um upplýsingagjöf og/eða trúnað um fjárfestingar, tiltekna takmarkanir á fjárfestingar eða annað sem menn vilja festa niður á þessu stigi og ekki leggja í hendur ráðgjafaráðs og stjórnar FSÍ slhf að útfæra.

Tilgangur og markmið:

Formlega:

Hlutverk FSÍ er að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins. FSÍ mun fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, sem lent hafa í fjárhagserfiðleikum vegna yfirstandandi þrenginga en eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll. Fyrirtæki sem afla gjaldeyristekna eða spara gjaldeyri með

starfsemi sinni eru sérstaklega áhugaverð í þessu sambandi. Markmiðið með starfsemi FSÍ er að ná vænlegri arðsemi á fjárframlög lífeyrissjóðanna. Ráðgjafaráð mun ákvarða fjárfestingastefnu FSÍ að fenginni tillögu stjórnar FSÍ.

Óformlega:

Staðan í íslensku viðskiptalífi kallar á nýtt fjármagn til að gera fyrirtækjum sem nú eiga við fjárhagslega erfiðleika að etja vegna gengisfalls krónu, hárra vaxta og mikillar verðbólgu en eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll í fyrirsjáanlegu breyttu rekstrarumhverfi næstu missera, kleift að komast í gegnum erfiðleikana sem nú steðja að. Þessi breytta staða felur í senn í sér þrýsting um þátttöku lífeyrissjóða í endurreisn fyrirtækja sem með rekstri sínum standa undir iðgjaldagreiðslum til sjóðanna, sem og tækifæri fyrir sjóðina til að eignast hlutdeild í rekstrarárangri marga ágætra fyrirtækja sem skilað gætu ásættanlegri arðsemi til lengri tíma sé rétt haldið á spilunum.

Fyrirkomulag og starfrækslutími:

Gert er ráð fyrir að hver og einn lífeyrissjóður skuldbindi sig í upphafi til þátttöku allt að tiltekinni fjárhæð sem samtals nemur 75 milljörðum króna fyrir sjóðina. Dregið verði á þau þátttökuloforð með innköllunum þegar fyrir liggja ákvarðanir um fjárfestingar af hálfu FSÍ á allt að 3 árum, þ.e. 3ja ára fjárfestingartímabil. Þannig er gert ráð fyrir að allt að 40% af þátttökuloforðum verði innkölluð á fyrsta árinu og afgangurinn á næstu tveimur árum þar á eftir. Að þeim árum loknum verði ekki um frekari innkallanir að ræða. Það fer eftir þeim tækifærum sem bjóðast á þessum þremur árum og stjórn FSÍ metur áhugaverðar til fjárfestingar að hvaða marki verður dregið á þátttökuloforðin. Stefnt er að sölu fjárfestinga sem fyrst að teknu tilliti til markmiða um arðsemi, og verður andvirði hvernar sölu greitt út til hluthafa hlutfallslega en ekki endurfjárfest í FSÍ. Stefnt er að sölu ekki síðar en 4-5 árum eftir einstaka fjárfestingu, en þó reiknað með að starfrækslutími sjóðsins geti orðið allt að 10 ár, með möguleika á framlengingu í 2 ár til viðbótar, og verður FSÍ þá slitið.

Fjárfestingastefna:

1. Í starfsemi FSÍ verður lögð áhersla á að fylgja leiðbeiningum um góða stjórnarhætti fyrirtækja.
2. Fjárfest verður í fyrirtækjum sem eiga í fjárhags- eða rekstrarerfiðleikum tengda falli fjármálakerfisins, gengisfalls krónunnar, hárra vaxta og mikillar verðbólgu.
3. Fjárfestingar verða ekki takmarkaðar við tilteknar atvinnugreinar né einhverjar atvinnugreinar útilokaðar.
4. Að jafnaði eru þær atvinnugreinar og fyrirtæki sem skapa gjaldeyristekjur eða spara gjaldeyri áhugaverðari fjárfestingarkostir fyrir FSÍ.
5. Einhverjar kröfur verða settar um lágmarksstærð fyrirtækja sem fjárfest er í. Þó verði ekki útilokað að fjárfesta í sprotaverkefnum.
6. Sett verða viðmið um hámarksstærð einstakra fjárfestinga sjóðsins, m.t.t. áhættudreifingar.
7. Stefnt er að áhættudreifingu í fjárfestingum m.t.t. atvinnugreina og fleiri þátta.
8. Ekki verður þak á hugsanlegri eignarhlutdeild FSÍ í fyrirtækjum. Að jafnaði er þó horft til eignarhlutar á bilinu 35-50% sem gefi FSÍ nægileg og hæfileg áhrif á stjórnun viðkomandi hlutafélaga.

9. FSÍ mun leitast við að haga fjárfestingum þannig að hæfilegur hvati sé fyrir fyrri eigendur og/eða starfsmenn fyrirtækisins af rekstri og viðgangi fyrirtækisins, í gegnum eignarhlutdeild eða árangurstengingu.
10. FSÍ kemur að rekstri viðkomandi fyrirtækja og stjórnun þeirra með beinni þátttöku í stjórn.
11. Þátttaka FSÍ verður fyrst og fremst í formi hlutafjárukningu og kaupa á hlutafé í viðkomandi félagi. Einnig koma til greina lánveitingar gegn breytirétti í hlutafé, hefðbundnar lánveitingar gegn tryggingum eða yfirtaka á lánum til endurskipulagningar.

Stjórn:

Sama 7 manna stjórn situr í FSÍ-GP ehf og í stjórn FSÍ samlagshlutafélagsins og verður hún skipuð stjórnendum lífeyrissjóðanna og sérfræðingum í bland ásamt tveimur til þremur aðilum með þekkingu og reynslu sem verði fundnir utan sjóðanna. Stjórn FSÍ tekur ákvarðanir um einstakar fjárfestingar og ræður félaginu framkvæmdastjóra.

Ráðgjafaráð:

Ráðgjafaráðið mun ákvarða fjárfestingastefnu FSÍ að fengnum tillögum stjórnar, veita stjórninni ráðgjöf og hafa eftirlit með starfseminni og verður það skipað fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og stjórnendum lífeyrissjóða.

Rekstur og framkvæmdastjórn:

FSÍ-GP ehf verður rekstraraðili FSÍ og mun annast daglegan rekstur, mat og val á fjárfestingarkostum, og eftirfylgni fjárfestinga. Stjórn FSÍ mun ráða öflugan framkvæmdastjóra sem velur með sér tiltölulega fámennan hóp hæfra starfsmanna og starfsmannahald lágmarkað. Notast verði við aðkeypta þjónustu sérfræðinga eftir þörfum. Stuðst verður við hóp einstaklinga með öfluga rekstrarreynslu/þekkingu sem fylgja eftir fjárfestingu FSÍ í einstökum fyrirtækjum. Kostnað af rekstri FSÍ-GP mun FSÍ samlagshlutafélagið greiða þannig að rekstur þess verði í jafnvægi, og leitast verður við að hafa hann sem hagkvæmastan. Ekki er gert ráð fyrir fastri þóknun né árangurstengdri til FSÍ-GP.

Frá Landssamt. lífsjóða

219. mál

Minnisblað

16. desember 2008

Alþingi
Erindi nr. P 136/577
komudagur 16.12.2008

V. f. 5. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1991
Lífeyrissjóði er heimilt að eiga allt að 20% hlut í hverju samlagshlutafélagi sem hefur það að meginmarkmiði að fjárfesta í hlutafélögum eða öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð, með arðsemi að markmiði, í þeim tilgangi að efla atvinnulíf og nýsköpun, enda miði fjárfestingarstefna samlagshlutafélagsins að því að tryggja áhættudreifingu.

Til efnahags- og skattanefndar Alþingis

Reykjavík, 15. desember 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 219. mál.

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) hafa tekið til skoðunar frumvarp til breytinga á lögum nr. 129/1997, með síðari breytingum. Allmörg ákvæði frumvarpsins eru til samræmis við fyrri tillögur LL sem kynntar voru fjármálaráðherra í ágúst 2007. Önnur ákvæði eru þess eðlis að LL telur ekki þörf að gera athugasemdir við þau.

LL telur þó tilefni til að gera athugasemdir við tiltekin ákvæði í 10. og 11. gr. frumvarpsins. auk ábendinga varðandi grein 4 og 12.

4. gr. um rafræn yfirlit.

LL leggur til við efnahags- og skattanefnd að hún skoði þann möguleika að breyta ákvæði 4. gr. frumvarpsins á þann veg að það greiði fyrir því að sjóðfélagar fái yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur með rafrænum hætti í stað hefðbundinna yfirlita á pappír. Það mætti til að mynda gera með því að mæla fyrir um að lífeyrissjóðum sé heimilt að skila þeim yfirlitum sem um getur í 2. og 3. mgr. með rafrænum hætti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Yfirlitin hafa m.a. þann tilgang að hvetja sjóðfélaga til að ganga úr skugga um að þau iðgjöld sem vinnuveitandi hefur dregið af þeim skv. upplýsingum á launaseðli skil sér til viðkomandi lífeyrissjóðs. Það skiptir því máli að sjóðfélagar yfirfari þessar upplýsingar.

Með því að heimila fjármálaráðherra að setja reglur um birtingu slíkra upplýsinga með rafrænum hætti er unnt að ná þessu markmiði með einföldum, hagkvæmum og öruggum hætti. Það takmarkar hins vegar nýtingu þessarar dreifileiðar ef í öllum tilvikum þar að afla samþykkis sjóðfélag fyrir því að birta yfirlit samkvæmt 2. og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 með rafrænum hætt, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

10. gr. um fjárfestingarheimildir.

a) Um fjárfestingar í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga, tillaga að nýju ákvæði.

Samkvæmt 2. tölul., 1. mgr., 36. gr. laga nr. 129/1997 er lífeyrissjóðum heimilt að fjárfesta í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.

LL taka undir ábendingu sem fram hefur komið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um útvíkkun þessarar heimildar á þann vega að lífeyrissjóðum verði heimilað að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., og skuldabréfum og víxlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila. Í þessu sambandi er rétt að árétta að skuldabréf og víxlar Lánasjóðs sveitarfélaga skuli vera með ábyrgð sveitarfélaga.

b) Um e-lið 10. gr. Um fjárfestingar í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum.

Tekið er undir athugasemdir Samtaka fjármálafyrirtækja til nefndarinnar, dags. 12. desember s.l. varðandi e. lið 10. gr. frumvarpsins.

c) Um 11. gr. Fjárfestingarheimildir vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

Landssamtök lífeyrissjóða taka undir það sjónarmið sem liggur til grundvallar 11. gr. að ekki sé ástæða til að hafa þrengri ákvæði um fjárfestingarheimildir lífeyrissparnað í vörslu lífeyrissjóða en annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar. LL telja hins vegar að með ákvæðinu séu settar óþarflega miklar skorður við fjárfestingar séreignarsparnaðar. Byggir það fyrst og fremst á því að hér um valfrjálsan sparnað að ræða.

Önnur atriði


12. gr. – Ábending varðandi orðalag.

Vakin er athygli á því að eðlilegra er að í d-liðu standi: „eða vörsluaðila lífeyrissparnaðar“, í stað: „og vörsluaðila lífeyrissparnaðar“.

Auk athugasemda við einstök ákvæði frumvarpsins vilja LL leggja til eina efnisbreytingu við ákvæði laga nr. 129/1997 (lífeyrissjóðalögin), nánar tiltekið 11. gr.

Í 11. gr. lsjl. er mælt fyrir um að hefja megi úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign. Ekki verður séð að þörf sé á slíkum fresti og því er lagt til að þetta ákvæði verði fellt niður.

Virðingarfyllt
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Hrafn Magnússon

Efnahags- og skattanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2008

Efni: Frumvarp um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (pskj. 297 – 219. mál)

Nýi Kaupþing banki hf. (Eignastýringarsvið) sér um eignastýringu fjölda lífeyrissjóða, annað hvort að öllu leyti eða að hluta, þ.e. eignastýringu á afmörkuðum eignasöfnum lífeyrissjóða. Jafnframt því hefur Nýi Kaupþingi banki hf. starfsleyfi sem vörsluaðili lífeyrissparnaðar skv. 8. gr. laga nr. 129/1997. Um þriðjungur lífeyrissparnaðar allra Íslendinga er í rekstri Nýja Kaupþings.

Nýi Kaupþing vill koma eftirfarandi ábendingum við frumvarp um breyting á lögum nr. 129/1997 á framfæri við nefndina:

1. Við e-lið 10. gr. frumvarpsins:
 - a. Líklega á stafliðurinn jafnframt að taka til fjárfestingar í fjárfestingarsjóðum, sbr. orðalag í c-lið 11. gr. frumvarpsins.
2. Við 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins:
 - a. Vísað er í II. kafla laganna, en væntanlega er skýrara ef vísað er í 8. gr. laganna.
 - b. Fjallað er um „lífeyrissparnaðarreikninga“ í greininni, en það hugtak er óljóst. Skýrara væri ef vísað væri til 4. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna (innlán fjármálafyrirtækja).
3. Við d-lið 11. gr. frumvarpsins:
 - a. Líklega á stafliðurinn jafnframt að taka til fjárfestingar í fjárfestingarsjóðum, sbr. orðalag í c-lið 11. gr. frumvarpsins.
4. Við 14. gr. frumvarpsins:
 - a. Lagt er til að bætt verði við frumvarpið ákvæði um að breytingar á eignasöfnun í samræmi við breytingar á fjárfestingarheimildum, sem lagðar eru til í frumvarpinu, verði að gerast fyrir 1. mars 2009. Ef frumvarpinu er breytt með þeim hætti, gefst lífeyrissjóðum og vörsluaðilum lífeyrissparnaðar nægilegur aðlögunartími til þess að breyta eignasöfnun í samræmi við breytingar á fjárfestingarheimildum. Í sumum tilvikum er erfitt og jafnvel ómögulegt fyrir þessa aðila að selja eignir og þannig koma eignum sínum innan þeirra takmarkana á fjárfestingum, sem lagðar eru til í frumvarpinu. Því eru ríkir hagsmunir sjóðfélaga sem standa til þess að gefinn sé nægjanlegur tími til að breyta eignasöfnun.

F.h. Nýja Kaupþings banka hf.

Marínó Örn Tryggvason
Sigurður Guðmundsson hdl.

Alþingi
Erindi nr. **P** 136/485
komudagur 15.12.2008



Reykjavík, 11. desember 2008

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 219. mál

Orkuveita Reykjavíkur hefur kynnt sér frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 219. mál. Þar sem efni frumvarpsins varðar hagsmuni fyrirtækisins er umsögn þessari komið á framfæri.

Orkuveita Reykjavíkur leggur til að við 10. gr. frumvarpsins bætist nýr stafliður, sem verður a-liður, svohljóðandi:

2. tl. 1. mgr. 36. gr. laganna orðist svo: Í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og víxlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.

Skýring:

Breytingartillagan felur í sér að víxlar og skuldabréf sem gefin eru út af fyrirtækjum með ábyrgð sveitarfélaga eða af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. flokkist hjá lífeyrissjóðum eins og skuldabréf sem gefin eru út af sveitarfélögum sjálfum.

Auk þess felur tillagan í sér að víxlar útgefnir af þessum aðilum flokkist eins og skuldabréf og skuldaviðurkenningar sem tryggðar eru með ábyrgð þessara aðila. Er þetta til samræmingar við 1. tl. sömu málsgreinar, sem fjallar um skuldaviðurkenningar rikissjóðs og skuldaviðurkenningar sem tryggðar eru með ábyrgð hans.

Rökstuðningur:

Ástæða breytingartillögunnar er sú að sveitarfélögin og félög í þeirra eigu hafa á undanförunum árum í vaxandi mæli nýtt Lánasjóð sveitarfélaga sem milligönguaðila á skuldabréfamarkaði í stað þess að gefa sjálf út skuldabréf til að fjármagna framkvæmdir. Innlend skuldabréfaútgáfa sveitarfélaganna og fyrirtækja í eigu þeirra sjálfra hefur því dregist saman en skuldabréfaútgáfa lánasjóðsins aukist að sama skapi. Í ljósi breyttra aðstæðna á markaði þykir ljóst að fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna muni hugsa sér að leita meira sjálf á innlandan skuldabréfamarkað og er mikilvægt að þau falli í sama fjárfestingaflokk og skuldabréf útgefin af sveitarfélögum sjálfum.

Eins og fram kemur í skýringum við frumvarpið hefur átt sér stað mikil breyting á innlendum fjármagnsmarkaði eftir hrun bankakerfisins. Minnkandi framboð skuldabréfa sem útgefin eru af sveitarfélögum og falla undir núgildandi 2. tl. 1. mgr. 36. gr. laganna



Orkuveita
Reykjavíkur

sem fjallar um skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga á sér þó allt aðrar ástæður. Skuldabréfaútgáfa sveitarfélaganna sjálfra og fyrirtækja í þeirra eigu hefur farið minnkandi á undanförunum árum vegna þess að þeir aðilar hafa flestir fengið betri kjör hjá Lánasjóði sveitarfélaga en með eigin skuldabréfaútgáfu. Skuldabréf lánasjóðsins hafa til þessa flokkast með skuldabréfum fjármálafyrirtækja, sbr. 5. tl. 1. mgr. 36. gr. en ekki með skuldabréfum sveitarfélaganna. Þessi mismunandi flokkun er óeðlileg að mati Orkuveitu Reykjavíkur. Óskar fyrirtækið eindregið eftir því að löggjafinn bregðist við þessari þróun með því að gera frammannefnda breytingu á 2. tl. 1. mgr. 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

Virðingarfyllst,

Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. desember 2008

0812692SA/GB
Tilv.: 309

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lífeyrissjóði, 219. mál

Ofangreint frumvarp hefur ekki enn verið sent til Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sambandið telur engu að síður mikilvægt að koma að eftirfarandi athugasemd um ofangreint frumvarp.

Sambandið leggur til að við 10. gr. frumvarpsins bætist nýr stafliður, sem verður a-liður, svohljóðandi:

2. tl. 1. mgr. 36. gr. laganna orðist svo: Í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og víxlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.

Skýring:

Breytingartillagan felur í sér að skuldabréf sem gefin eru út af fyrirtækjum með ábyrgð sveitarfélaga eða af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. flokkist hjá lífeyrissjóðunum eins og skuldabréf sem gefin eru út af sveitarfélögum sjálfum. Auk þess felur tillagan í sér að víxlar útgefnir af þessum aðilum flokkist eins og skuldabréf. Er þetta til samræmingar við 1. tl. sömu málsgreinar, sem fjallar um skuldaviðurkenningar ríkissjóðs og skuldaviðurkenningar sem tryggðar eru með ábyrgð hans.

Rökstuðningur:

Ástæða breytingartillögunnar er sú að sveitarfélögin og ýmis félög í þeirra eigu hafa á undanförunum árum í vaxandi mæli nýtt Lánasjóð sveitarfélaga sem milligönguaðila á skuldabréfamarkaði í stað þess að gefa sjálf út skuldabréf til að fjármagna framkvæmdir. Innlend skuldabréfaútgáfa sveitarfélaganna og fyrirtækja í eigu þeirra hefur því dregist saman en skuldabréfaútgáfa lánasjóðsins aukist að sama skapi. Í ljósi breyttra aðstæðna á markaði þykir ekki ólíklegt að fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna muni hugsa sér að leita meira á innlandan skuldabréfamarkað og er eðlilegt að þau falli í sama fjárfestingaflokk og skuldabréf útgefin af sveitarfélögum sjálfum þegar skuldabréfin eru tryggð með ábyrgð sveitarfélaganna.

Lánasjóðurinn getur eingöngu lánað til sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra gegn ábyrgð sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs ef ríkissjóður er meðeigandi í félaginu. Í engu tilfalli er lánað til aðila sem að einhverju leyti er í eigu einkaaðila enda er sveitarfélögum óheimilt að ábyrgjast skuldbindingar slíkra félaga, sbr. 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Útlánasáfn sjóðsins takmarkast því við sveitarfélög.

Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga er sveitarfélögum heimilt að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur og ábyrgðum sem það veitir. Stefna sjóðsins er að krefjast slíks veðs enda hefur lánasjóðurinn aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og ávallt staðið við skuldbindingar sínar. Með allt framangreint í huga eru skuldbindingar lánasjóðsins jafn öruggar og skuldbindingar sveitarfélaganna sjálfra og er því eðlilegt að flokka skuldarviðurkenningar lánasjóðsins á sama hátt og skuldarviðurkenningar sveitarfélaganna sjálfra.

Eins og fram kemur í skýringum við frumvarpið hefur átt sér stað mikil breyting á innlendum fjármagnsmarkaði eftir hrun bankakerfisins. Minnkandi framboð skuldabréfa sem útgefin eru af sveitarfélögum og falla undir núgildandi 2. tl. 1. mgr. 36. gr. laganna sem fjallar um skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga á sér þó aðrar ástæður. Skuldabréfaútgáfa sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu hefur farið minnkandi á undanförunum árum vegna þess að þeir aðilar hafa flestir fengið betri kjör hjá Lánasjóði sveitarfélaga en með eigin skuldabréfaútgáfu.

Skuldabréf lánasjóðsins hafa til þessa flokkast með skuldabréfum fjármálafyrirtækja, sbr. 5. tl. 1. mgr. 36. gr. en ekki með skuldabréfum sveitarfélaganna. Þá flokkast skuldabréf fyrirtækja í eigu sveitarfélaga sem gefin eru út með ábyrgð þeirra ýmist undir 2. tl. eða 9. tl. sama ákvæðis. Þessi mismunandi flokkun er óeðlileg að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga. Óskar sambandið eindregið eftir því að löggjafinn bregðist við þessari þróun með því að gera frammannefnda breytingu á 2. tl. 1. mgr. 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

Lokaorð

Tekið skal fram að sambandið kom ósk um framangreinda lagabreytingu á framfæri við fjármálaráðuneyti á undirbúningsstigi frumvarpsins. Tillagan var ekki tekin upp í frumvarpið, með þeim rökum að skuldbindingar Lánasjóðs sveitarfélaga eigi að flokkast á sama hátt og skuldbindingar annarra fjármálafyrirtækja. Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga hlýtur sú afstaða að vera á misskilningi byggð enda hefur lánasjóðurinn mikla sérstöðu meðal fjármálafyrirtækja, eins og að framan hefur verið lýst. Einnig skal bent á að eiginfjárhlutfall lánasjóðsins er margfalt hærra en almennt þekkist á fjármálamarkaði.


Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga er framangreind breytingartillaga til þess fallin að gera allar skuldbindingar sveitarfélaga við lífeyrissjóði jafnstæðar í stað þeirrar allt að því tilviljunarkenndu flokkunar sem nú er viðhöfð. Í ljósi þess að Lánasjóður sveitarfélaga og mörg fyrirtæki í eigu sveitarfélaga hafa mikilvægu almannaþjónustuhlutverki að gegna tekur breytingartillagan til mjög afmarkaðs hluta af skuldabréfamarkaði sem á engan hátt getur talist fordæmisgefandi.

Að lokum skal þess getið að breytingartillagan hefur verið kynnt fyrir Landssambandi lífeyrissjóða, samgönguráðuneyti, Orkuveitu Reykjavíkur og

fleiri aðilum sem tengjast málinu. Hafa viðbrögð við tillögum verið afar jákvæð.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 136/525
komudagur 16.12.2008

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. desember 2008

0812692SA/GB
Tilv.: 309

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lífeyrissjóði, 219. mál

Ofangreint frumvarp hefur ekki enn verið sent til Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sambandið telur engu að síður mikilvægt að koma að eftirfarandi athugasemd um ofangreint frumvarp.

Sambandið leggur til að við 10. gr. frumvarpsins bætist nýr stafliður, sem verður a-liður, svohljóðandi:

2. tl. 1. mgr. 36. gr. laganna orðist svo: Í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og víxlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.

Skýring:

Breytingartillagan felur í sér að skuldabréf sem gefin eru út af fyrirtækjum með ábyrgð sveitarfélaga eða af Lánasjóði sveitarfélaga ohf. flokkist hjá lífeyrissjóðunum eins og skuldabréf sem gefin eru út af sveitarfélögum sjálfum. Auk þess felur tillagan í sér að víxlar útgefnir af þessum aðilum flokkist eins og skuldabréf. Er þetta til samræmingar við 1. tl. sömu málsgreinar, sem fjallar um skuldaviðurkenningar ríkissjóðs og skuldaviðurkenningar sem tryggðar eru með ábyrgð hans.

Rökstuðningur:

Ástæða breytingartillögunnar er sú að sveitarfélögin og ýmis félög í þeirra eigu hafa á undanförunum árum í vaxandi mæli nýtt Lánasjóð sveitarfélaga sem milligönguaðila á skuldabréfamarkaði í stað þess að gefa sjálf út skuldabréf til að fjármagna framkvæmdir. Innlend skuldabréfaútgáfa sveitarfélaganna og fyrirtækja í eigu þeirra hefur því dregist saman en skuldabréfaútgáfa lánasjóðsins aukist að sama skapi. Í ljósi breyttra aðstæðna á markaði þykir ekki ólíklegt að fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna muni hugsa sér að leita meira á innlandan skuldabréfamarkað og er eðlilegt að þau falli í sama fjárfestingaflokk og skuldabréf útgefin af sveitarfélögum sjálfum þegar skuldabréfin eru tryggð með ábyrgð sveitarfélaganna.

Lánasjóðurinn getur eingöngu lánað til sveitarfélaga eða fyrirtækja þeirra gegn ábyrgð sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs ef ríkissjóður er meðeigandi í félaginu. Í engu tilfalli er lánað til aðila sem að einhverju leyti er í eigu einkaaðila enda er sveitarfélögum óheimilt að ábyrgjast skuldbindingar slíkra félaga, sbr. 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Útlánasáfn sjóðsins takmarkast því við sveitarfélög.



Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga er sveitarfélögum heimilt að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur og ábyrgðum sem það veitir. Stefna sjóðsins er að krefjast slíks veðs enda hefur lánasjóðurinn aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og ávallt staðið við skuldbindingar sínar. Með allt framangreint í huga eru skuldbindingar lánasjóðsins jafn öruggar og skuldbindingar sveitarfélaganna sjálfra og er því eðlilegt að flokka skuldarviðurkenningar lánasjóðsins á sama hátt og skuldarviðurkenningar sveitarfélaganna sjálfra.

Eins og fram kemur í skýringum við frumvarpið hefur átt sér stað mikil breyting á innlendum fjármagnsmarkaði eftir hrun bankakerfisins. Minnkandi framboð skuldabréfa sem útgefin eru af sveitarfélögum og falla undir núgildandi 2. tl. 1. mgr. 36. gr. laganna sem fjallar um skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga á sér þó aðrar ástæður. Skuldabréfaútgáfa sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu hefur farið minnkandi á undanförunum árum vegna þess að þeir aðilar hafa flestir fengið betri kjör hjá Lánasjóði sveitarfélaga en með eigin skuldabréfaútgáfu.

Skuldabréf lánasjóðsins hafa til þessa flokkast með skuldabréfum fjármálafyrirtækja, sbr. 5. tl. 1. mgr. 36. gr. en ekki með skuldabréfum sveitarfélaganna. Þá flokkast skuldabréf fyrirtækja í eigu sveitarfélaga sem gefin eru út með ábyrgð þeirra ýmist undir 2. tl. eða 9. tl. sama ákvæðis. Þessi mismunandi flokkun er óeðlileg að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga. Óskar sambandið eindregið eftir því að löggjafinn bregðist við þessari þróun með því að gera framannefnda breytingu á 2. tl. 1. mgr. 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

Lokaorð

Tekið skal fram að sambandið kom ósk um framangreinda lagabreytingu á framfæri við fjármálaráðuneyti á undirbúningsstigi frumvarpsins. Tillagan var ekki tekin upp í frumvarpið, með þeim rökum að skuldbindingar Lánasjóðs sveitarfélaga eigi að flokkast á sama hátt og skuldbindingar annarra fjármálafyrirtækja. Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga hlýtur sú afstaða að vera á misskilningi byggð enda hefur lánasjóðurinn mikla sérstöðu meðal fjármálafyrirtækja, eins og að framan hefur verið lýst. Einnig skal bent á að eiginfjárhlutfall lánasjóðsins er margfalt hærra en almennt þekkt á fjármálamarkaði.


Að áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga er framangreind breytingartillaga til þess fallin að gera allar skuldbindingar sveitarfélaga við lífeyrissjóði jafnstæðar í stað þeirrar allt að því tilviljunarkenndu flokkunar sem nú er viðhöfð. Í ljósi þess að Lánasjóður sveitarfélaga og mörg fyrirtæki í eigu sveitarfélaga hafa mikilvægu almannaþjónustuhlutverki að gegna tekur breytingartillagan til mjög afmarkaðs hluta af skuldabréfamarkaði sem á engan hátt getur talist fordæmisgefandi.

Að lokum skal þess getið að breytingartillagan hefur verið kynnt fyrir Landssambandi lífeyrissjóða, samgönguráðuneyti, Orkuveitu Reykjavíkur og



fleiri aðilum sem tengjast málinu. Hafa viðbrögð við tillögunni verið afar jákvæð.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

11.12.2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um skyldutryggingu, lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, 219. mál.

Samtök atvinnulífsins lýsa stuðningi við þær breytingar sem lagðar eru til í umræddu frumvarpi.

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands óskuðu eftir breytingu á lögum með bréfi til forsætisráðherra þann 2. júlí sl. til þess að tryggja að markmið kjarasamninganna 17. febrúar og tengd yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um aukna starfsendurhæfingu næðu fram að ganga. Í bréfinu voru lagðar fram eftirfarandi tillögur um breytingu á lögum 129/1997.

1. gr. orðist svo (breytingar eru undirstrikaðar:

Lög þessi gilda um alla lífeyrissjóði og samninga um tryggingavernd eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Með lífeyrissjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla, II. og III kafla.

Með endurhæfingarsjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu kostnaðar við ráðgjöf, þjónustu og bein úrræði vegna endurhæfingar á grundvelli kjarasamnings og samið hefur verið um mótframlag úr ríkissjóði.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda felur í sér skyldu til aðildar að lífeyrissjóði og til greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs og eftir atvikum til annarra aðila samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd.

Skylda til að tryggja sér rétt til endurhæfingar felur í sér skyldu til aðildar að endurhæfingarsjóði og til greiðslu iðgjalds til endurhæfingarsjóðs.

Fyrsta málsgrein 2. gr. orðist svo:

Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda og rétt til endurhæfingar skal ákveðið í sérlægum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. 12% og lágmarksiðgjald til endurhæfingarsjóðs skal vera 0,13% af iðgjaldsstofni. Iðgjaldi samkvæmt ákvörðun launamanns eða þess sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal varið til aukningar lífeyrisréttinda skv. II. eð aIII. kafla.

Fyrsti málslíður 2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Um aðild að lífeyrissjóði og endurhæfingarsjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og endurhæfingariðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fer eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérlægum ef við á.

Fyrsti málsliður 3. gr. orðist svo:

Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs og endurhæfingarsjóðs skv. 2. gr. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu.

7. gr. orðist svo:

Lífeyrisiðgjald, til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar, og endurhæfingariðgjald skal greitt reglulega í hverjum mánuði, sbr. 2.-4. mgr.

Iðgjaldsgreiðslutímabil skal eigi vera lengra en mánuður og skal gjalddagi vera tíunda næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga. Að öðru leyti fer um iðgjaldsgreiðslur samkvæmt þeim reglum sem settar eru í samþykktir viðkomandi lífeyrissjóðs og endurhæfingarsjóðs eða samkvæmt samningum þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr. Réttindi vegna aukaframlaga í lífeyrissjóði umfram reglubundin framlög skulu reiknuð miðað við greiðsludag.

Launagreiðanda er skylt að halda eftir af launum iðgjaldshluta launþega og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt iðgjaldshluta sínum. Sams konar skylda hvílir á launagreiðanda að því er varðar innheimtu og skil á iðgjaldi til þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr.


Launagreiðanda er skylt að standa skil á iðgjaldi sínu til endurhæfingarsjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald í 2. mgr. og standa skil á því til viðkomandi lífeyrissjóðs. Lífeyrissjóður skal skila iðgjaldi launagreiðanda ásamt iðgjaldshluta sínum, sbr. 6. mgr. 15. gr., til endurhæfingarsjóðs að frádreginni hæfilegri þóknun vegna innheimtukostnaðar.

Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum og aðilum skv. 8. gr. ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

Í 15. gr. komi ný mgr. fyrir framan þá síðustu:

Lífeyrissjóði er skylt að greiða sem svarar til 0,13% af iðgjaldsstofni viðkomandi sjóðsfélaga til endurhæfingarsjóðs til að tryggja honum rétt til endurhæfingar.

Virðingarfyllst,



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri

Forsætisráðherra
Geir H. Haarde
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. júlí 2008

Efni: Ósk um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (129/1979) og á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda (55/1980) í kjölfar kjarasamninga um Endurhæfingarsjóð.

Mikil umræða hefur verið undanfarin misseri um mikilvægt þess að auka virkni þeirra sem lenda í alvarlegum veikindum og slysum með eflingu starfsendurhæfingar hvers konar. Í kjölfar endurskoðunar kjarasamninga í nóvember 2005 lýsti þáverandi ríkisstjórn því yfir, að hún myndi setja á laggirnar sérstaka nefnd sem falið yrði það verkefni að endurskoða forsendur fyrir örorkumati og leita leiða til að efla endurhæfingu. Nefndin skilaði eins og kunnugt er skýrslu í mars 2007 og á grundvelli hennar skipaði ríkisstjórnin Framkvæmdanefnd um að setja tillögur nefndarinnar í framkvæmd. Eitt af þeim atriðum sem nefndin lagði til, var að efla verulega einstaklingabundna þjónustu við þá sem lenda í alvarlegum veikindum og slysum, m.a. með kerfi þjónustufulltrúa og starfsemi teymis sérfræðinga um ráðgjöf um endurhæfingaráætlun. Einnig taldi nefndin mikilvægt að skilgreint yrði í löggjöf réttur einstaklinga til þess að geta sótt sér endurhæfingu til þess að tryggja endurkomu á vinnumarkað. Áhersla var einnig lögð á mikilvægt þess að viðhalda ráðningarsambandi þeirra sem væru í skilgreindum áhættuhópi í lengstu lög, m.a. annars með virkri þátttöku stéttarféлага og atvinnurekenda í fyrstu stigum endurhæfingar. Lagði nefndin til að kostnaði vegna þessa yrði skipt milli ríkissjóðs, lífeyrissjóða og samningsaðila.

Þann 17. febrúar s.l. undirrituðu ASÍ og SA samkomulag um stofnun og rekstur Endurhæfingarsjóðs sem hefur það hlutverk „að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum“. Í því sambandi var samið um að atvinnurekendur myndu leggja sjóðnum til 0,13% af heildarlaunum. Í tengslum við undirritun nýrra kjarasamninga lýsti ríkisstjórnin í því yfir að hún myndi beita sér fyrir því að leggja sjóðnum til jafn háa fjárhæð. Þá var samið um að ASÍ og SA myndu beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir í landinu leggðu þessu verkefni til sömu upphæð. Er þetta í samræmi við sameiginlega niðurstöðu aðila í fyrrnefndri skýrslu um endurskoðun örorkumatsins.

Eins og fram kom í viðræðum samningsaðila við stjórnvöld munu skyldur Endurhæfingarsjóðs ná til allra launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga, óháð þátttöku starfsmanna eða fyrirtækja í samtökum launafólks eða atvinnurekenda. Til þess að tryggja að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar er mikilvægt að tryggja að lagaleg staða hins nýja sjóðs við innheimtu á iðgjaldinu verði með sama hætti og nú gildir um greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóða.

Ljóst er að samhliða aukinni áherslu á endurhæfingu og aukinnar virkni þeirra sem misst hafa hluta sinnar vinnugetu mun hlutverk og starfsemi starfs- og endurmenntunarsjóða aukast til muna og því mikilvægt að treysta einnig hlutverk þeirra á vinnumarkaðinum.

Á undanförunum árum hefur það færst í vöxt að fyrirtæki utan raða Samtaka atvinnulífsins hafa neitað að greiða í starfs- og endurmenntunarsjóðina og sú neitun var staðfest með dómi Hæstaréttar í máli

nr. 114/2004. Þar segir Hæstiréttur að í 1. mgr. 6. gr. laganna sé kveðið á um skyldur allra atvinnurekenda að greiða í sjúkra- og orlofssjóði samkvæmt kjarasamningum. Slíka kröfu eigi stéttarfélagin vegna þessara tvenns konar sjóða og sé það tæmandi talning. Kröfur stéttarféлага vegna annarra sjóða en þar séu tilgreindir verði hins vegar ekki reistar á 6. gr. laganna. Starfsmenn þessara fyrirtækja öðlast því ekki rétt til framlaga sjóðanna vegna starfs- og endurmenntunar sem leitt getur til réttaróvissu þegar kemur að endurhæfingu.

Til þess að ofangreindu markmiði um Endurhæfingarsjóðinn verði náð, óska Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eftir því sameiginlega við forsætisráðherra, að hann beiti sér fyrir því að sett verði fram frumvörp til laga um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (129/1979) og á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda (55/1980). Meðfylgjandi er skjal er sýnir þær breytingar sem Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins telja nauðsynlegt að gerðar verði á ofangreindum lögum til þess að ná þessu fram.


Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Vilhjálmur Egilsson framkv.stj.

F.h. Alþýðusambands Íslands



Gyfi Ambjörnsson framkv.stj.

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1997 nr. 129 (undirstrikanir eru breytingar frá núgildandi lögum)

1. gr. Lög þessi gilda um alla lífeyrissjóði og samninga um tryggingavernd eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Með lífeyrissjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjalds til greiðslu lífeyris vegna eill til æviloka, þrorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla, II. og III. kafla.

Með endurhæfingarsjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjalds til greiðslu kostnaðar við ráðgjöf, þjónustu og þein úrræði vegna endurhæfingar á grundvelli kjarasamnings og samið hefur verið um móttömlag úr ríkissjóði.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda felur í sér skyldu til aðildar að lífeyrissjóði og til greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs og eftir atvikum til annarra aðila samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd.

Skylda til að tryggja sér rétt til endurhæfingar felur í sér skyldu til aðildar að endurhæfingarsjóði og til greiðslu iðgjalds til endurhæfingarsjóðs.

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skytt að tryggja sér lífeyrisréttindi og rétt til endurhæfingar með aðild að lífeyrissjóði og endurhæfingarsjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs.

2. gr. Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda og rétt til endurhæfingar skal ákveðið í sérilögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal vera a.m.k. [12%]¹⁾ og lágmarksiðgjald til endurhæfingarsjóðs skal vera 0,13% af iðgjaldsstofni. Iðgjalds samkvæmt ákvörðun launamanns eða þess sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal varið til aukningar lífeyrisréttinda skv. II. eða III. Kafla.

Um aðild að lífeyrissjóði og endurhæfingarsjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og endurhæfingariðgjalds og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fer eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérilögum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Aðild að lífeyrissjóði skal tilfata í skriflegum ráðningarsamningi.

Sjóðfélagi er sá sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðs og á hjá honum réttindi eins og nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóði á grundvelli heilsufars, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.

3. gr. Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs og endurhæfingarsjóðs skv. 2. gr. skal reiknað af heildarjörnhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í friðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. úkutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Enn fremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarféлага og bætur tryggingaféлага vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar. Iðgjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða vegna vinnu hans við atvinnurekstur iðgjaldila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar skal vera jafnhár fjörnhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 58. gr. þeirra laga.

Lífeyrisiðgjald skal ráðstafa til lágmarkstryggingaverndar, sbr. 4. gr., og eftir atvikum til viðbótartryggingaverndar, sbr. 8.–10. gr.

7. gr. Lífeyrisiðgjald, til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar, og endurhæfingariðgjald skal greitt reglulega í hverjum mánuði, sbr. 2.–4. mgr.

Iðgjaldagreiðslutímabil skal eigi vera lengra en mánuður og skal gjaldþagi vera tíunda næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjaldþaga. Að öðru leyti fer um iðgjaldagreiðslur samkvæmt þeim reglum sem settar eru í samþykktir viðkomandi lífeyrissjóðs og endurhæfingarsjóðs eða samkvæmt samningum þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr. Réttindi vegna aukaframlaga í lífeyrissjóði umfram reglubundin framlög skulu reiknuð miðað við greiðsludag.

Launagreiðanda er skytt að halda eftir af launum iðgjaldshluta launþega og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt iðgjaldshluta sínum. Sams konar skylda hvílir á launagreiðanda að því er varðar innheimtu og skil á iðgjaldi til þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr.

Launagreiðanda er skytt að standa skil á iðgjaldi sínu til endurhæfingarsjóðs með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald í 2. mgr. og standa skil á því til viðkomandi lífeyrissjóðs. Lífeyrissjóður skal skila iðgjaldi launagreiðanda ásamt iðgjaldshluta sínum, sbr. 6. mgr. 15. gr., til endurhæfingarsjóðs að frádreginni hæfilegri þóknun vegna innheimtukostnaðar.

Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum og aðilum skv. 8. gr. ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af

störfum.

15. gr. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt líífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskertöngu af völdum orkutapsins.

Örorkulífeyrir skal framreiknaður samkvæmt reglum sem nánar er kveðið á um í samþykktum, enda hafi sjóðfélagi greitt til líífeyrissjóðs í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum, þar af a.m.k. sex mánuði á síðasta tölfrá mánaða tímabili, og ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi ólást rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barnleigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu lögljalds til líífeyrissjóðs.

Eigi sjóðfélagi ekki rétt á framreikningi skal fjárhæð örorkulífeyris miðast við áunnin réttindi.

Heimilt er að ákveða að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjú mánuðina eftir orkutap. Sama gildir ef orkutap hefur varað skemur en sex mánuði.

Lífeyrissjóði er skylt að greiða sem svarar til 0,13% af lögljaldsstofni viðkomandi sjóðfélaga til endurhæfingarsjóðs til að tryggja honum rétt til endurhæfinga.

Í samþykktir líífeyrissjóðs skulu sett frekari ákveði um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu líífeyrisréttinda, 1980 nr. 55. (undirstrikanir eru breytingar frá núgildandi lögum)

6. gr. Öllum atvinnurekendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarféлага ásamt starfs- og endurmenntunarsjóði lögljald þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum starfsmanns lögljaldi hans til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

Til efnahags- og skattanefndar Alþingis

Frá SFF

Efni: Umsögn um frumvarp tii iaga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 219. mál.

Dags. 12. desember 2008

SFF fengu frumvarpið til umsagnar síðdegis í gær og hafa því haft afar líttinn tíma til að skoða frumvarpið. Samtökin benda á að mikilvægt er að Alþingi gefi sér tíma til að fara vandlega yfir málið og hlusti á raddir hagsmunaaðila en setji ekki í óðagoti miklar hömlur á fjárfestingarleiðir í lífeyriskerfinu strax eftir hrun bankakerfisins. Segja má að þjóðfélagið allt sé "litað" af núverandi efnahagsástandi en mikilvægt er að horfa til framtíðar og ganga ekki lengra en nauðsyn krefur þegar settar eru hömlur á fjárfestingakosti einstaklinga.

SFF gera athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við 10. grein.

- 10. grein e-liður þrengir fjárfestingarheimildir samtryggingarsjóða óþarflega mikið. Lífeyrissjóðum er skylt að skipta niður undirliggjandi eignum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á aðrar eignir skv. 7. lið 1. mgr. 36. gr. Ef lífeyrissjóður stenst takmarkanir 36. greinar er að mati SFF óþarfi að takmarka fjárfestingar lífeyrissjóða í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Færa má rök fyrir því að fjárfestingar í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum auki öryggi sjóðfélaga þar sem að um þá gilda ströng lög um eignasamsetningu og opinbert eftirlit. Með því að fjárfesta í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum er því í raun komið á tvöföldu eftirliti, í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóði annars vegar og lífeyrissjóði hins vegar.
- Rökum í athugasemdum um hagsmunaárekstra með fjárfestingum í sjóðum er hafnað. Lífeyrissjóðir sem eru í rekstri og/eða stýringu hjá fjármálafyrirtækjum geta átt sambærilegt eignasafn í stökum verðbréfum eins og verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir sama fjármálafyrirtækis. Takmörkun á fjárfestingum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum kemur því ekki í veg fyrir mögulega hagsmunaárekstra.

Athugasemdir við 11. grein.

- SFF leggja til að 11. gr. falli út í heild sinni. Í greininni er lögð til mikil takmörkun á fjárfestingarheimildum vegna séreignarsparnaðar. Mikilvægt er að hafa í huga að séreignallífeyrissparnaður er ekki hluti af skyldubundnu samtryggingarkerfi heldur er um að ræða viðbótarsparnað sem enginn er skyldur til að taka þátt í. Eðlilegt er að einstaklingar hafi ákvörðunarvald í sínum fjárfestingum sem ekki teljast til samtryggingarkerfisins. Mikilvægt er að hafa í huga að einstaklingar geta farið út í áhættusamar fjárfestingar með eigið fé fyrir utan séreignallífeyrissparnaðarkerfið. Ljóst er að sú takmörkun sem lögð er til í 11. gr. heftir mjög valfrælsi þeirra einstaklinga sem kjósa að leggja í séreignarsparnað. Mikilvægt er að aðstæður á mörkuðum í dag leiði ekki til ákvarðana um að þrengja val einstaklinga um góða fjárfestingarkosti, t.d. í verðbréfasjóðum sem fjárfesta í ríkisskuldabréfum.
- Í d-lið 11. greinar frumvarpsins er tiltekið að vörsluaðila séreignarsparnaðar er ekki heimilt að hafa meira en 30% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags. Þessi takmörkun er að mati SFF óþörf og erfitt er að sjá að hún þjóni hagsmunum eigenda séreignarsparnaðar eða leiði til aukinnar áhættudreifingar. Þessi takmörkun þrengir möguleika vörsluaðila séreignarsparnaðar til að bjóða upp á góða fjárfestingarkosti. T.d. er komið í veg fyrir að vörsluaðili geti boðið upp á ríkisskuldabréfasjóð í stýringu hjá sama rekstrarfélagi. Þessi

takmörkun getur einnig leitt til minni áhættudreifingar þar sem hún hvetur til þess að fjárfest sé í stökum verðbréfum frekar en sjóðum.

Bent er á að réttthafar sem hafa valið áhættusamar fjárfestingarleiðir og tapað hluta af viðbótarllifeyrissparnaði sínum vegna bankakreppunnar verða með breytingunum settir í þá stöðu að mjög langan tíma gæti tekið þá að vinna upp tapið. Ástæðan er sú að verði frumvarpið að lögum þá verða þeir að flytja inneign sína í áhættuminni leiðir þar sem tækifæri á hárrí ávöxtun eru minni heldur en í þeim fjárfestingarleiðum sem viðkomandi hefur valið. Réttthafar hafa valið áhættusamari leiðir með von um hærri ávöxtun og að sveiflur muni jafnast út á löngum tíma. Forsendur þeirra ákvörðunar eru algjörlega brostnar ef að sjóðfélagi þarf að innleysa sparnað sinn á þeim tímapunkti þegar gengi leiðarrinnar er í botni og hefja greiðslur í áhættuminni leiðir.